

Með brot gegn ofantöldum reglugerðum skal farið samkvæmt 25. og 26. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, og 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 619 frá 16. september 1999.

Umhverfisráðuneytinu, 15. desember 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda á árinu 2001.

1. gr.

Vinnueftirlit ríkisins fær á árinu 2001 í sinn hlut til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 0,048% af gjaldstofni tryggingagjalds, sem er allar tegundir launa eða þóknunar fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, sem skattskilyt er skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 60/1991, um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. desember 2000.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.

AUGLÝSING

um gildistöku nýs deiliskipulags fyrir hafnarsvæði á Grundartanga í Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafa sveitarstjórnir Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps í Borgarfjarðarsýslu þann 22. desember samþykkt deiliskipulag hafnarsvæðisins á Grundartanga í Borgarfjarðarsýslu. Nýtt deiliskipulag tekur yfir áður samþykkt deiliskipulag frá 20. ágúst 1997. Helstu breytingar frá fyrra skipulagi eru eftirfarandi: Nákvæm skilgreining á lóðum hafnarsvæðisins ásamt byggingarreitum þar með talin lóð fyrir sjóðælistöð Norðuráls hf. Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.